

FLOKKSSTARF

Akureyringar – nágrenni Námskeið

Námskeið í raddbeitingu, framsögn og ræðutækni fyrir ræðustól, hljóðvarp og sjónvarp.
Kennarar: Kristján Hall og Theodor Júlíusson.

Námskeiðið fer fram að Hafnarstræti 90, Akureyri og hefst 24. febrúar kl. 18 og stendur laugardaginn 25. febrúar frá kl. 13 og sunnudaginn 26. febrúar frá kl. 13.
Innritun í síma 21180 milli kl. 16 og 18 miðvikudag og fimmtudag.



Akureyringar

Guðmundur Bjarnason, heilbrigðisráðherra, verður til viðtals í Framsóknarhúsinu, Hafnarstræti 90, laugardaginn 25. febrúar n.k. milli kl. 10 og 12 fyrir hádegis.
Allir velkomnir.

Framsóknarfélögin.



Guðmundur



Húsvíkingar

Guðmundur Bjarnason, heilbrigðisráðherra, verður til viðtals í Framsóknarhúsinu, sunnudaginn 26. febrúar n.k. milli kl. 10 og 12 fyrir hádegis.
Allir velkomnir.

Framsóknarfélögin.



Í umræðunni

Guðsteinn Þengillson læknir mun verða í umræðunni hjá Félagi ungra framsóknarmanna á **Gauki á Stöng** mánudaginn 27. febrúar klukkan 12.00. Guðsteinn mun ræða um bjórinn og svara fyrirspurnum fundargesta.

Allir hjartanlega velkomnir.

Við minnum á hinn frábæra hádegisverð sem boðið er upp á á fundinum. Súpa, fiskréttur og kaffi á aðeins kr. 530,–.

Félag ungra framsóknarmanna í Reykjavík.



Guðsteinn

Austur-Skaftfelllingar: Aðalfundur

Aðalfundur Framsóknarfélagsins verður haldinn í húsi Skinneyjar hf., föstudaginn 3. mars kl. 20.00.

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Húsnæðismál.
3. Önnur mál.

Stjórn Framsóknarfélagsins.

Kópavogur

Skrifstofan í Hamraborg 5 er opin þriðjudaga og miðvikudaga kl. 9-13. Sími 41590. Heitt á könnunni.

Opið hús alla miðvikudaga kl. 17-19. Félagsmenn eru hvattir til að líta inn og taka með sér gesti. Eflum flokksstarfið.

Framsóknarfélögin í Kópavogi.

Reykjanes

Skrifstofa Kjördæmissambandsins að Hamraborg 5, Kópavogi er opin á mánudögum og miðvikudögum kl. 17 til 19. Sími 43222.

K.F.R.

Afmæli



Guðrún Gunnarsdóttir, húsmóðir í Hallgeirsey í Austur-Landeyjum verður 95 ára á morgun, föstudaginn 24. febrúar. Eiginmaður hennar var Guðjón Jónsson, hreppstjóri. Hann var lengi formaður við Landeyjarsand. Guðjón var um árabíl organisti í Krosskirkju.

Sýning Kjartans á Kjarvalsstöðum

Kjartan Ólason sýnir um þessar mundir verk sín í austursal Kjarvalsstaða. Sýningin stendur til 5. mars. Opið er alla daga kl. 14:00–18:00.



BÍLALEIGA

með útibú allt í kringum landið, gera þér mögulegt að leigja bíl á einum stað og skila honum á öðrum.

Reykjavík
91-31615/31815
Akureyri
96-21715/23515


Pöntum bíla erlendis

interRent
Bílaleiga Akureyrar

BLAÐBERA VANTAR Viðsvegar á Reykjavíkursvæðinu



Tíminn
Lynghálsi 9. Sími 686300



Arni Pétur Guðjónsson og Guðmundur Ólafsson í hlutverkum sínum

Alþýðuleikhúsið: Enn aukasýningar á „Kossi kóngulóarkonunnar“

Vegna mikillar aðsóknar verða nú um helgina tvær aukasýningar á leikritinu „Koss kóngulóarkonunnar“ eftir Manuel Puig, sem Alþýðuleikhúsið hefur sýnt í Hlaðvarpanum, Vesturgötu 3 frá því 23. október sl.

Leikritið gerist í fangaklefa í Buenos Aires, þar sem tveir menn afplána dóma. Annars vegar Molina, samkynhneigður

maður sem dæmdur er fyrir að afvega-leiða unglinga, og hins vegar Valentin verkalyðsleiðtogi, sem dæmdur er fyrir að æsa til uppþots og hvetja til verkfalla.

Sýningar nú um helgina eru sem hér segir: 39. sýning er föstud. 24. febrúar kl. 20:30 og 40. sýning sunnudaginn 26. febr. kl. 17:00.

Leikendur eru Arni Pétur Guðjónsson sem leikur Molina, Guðmundur Ólafsson leikur Valentin, Rúnar Lund leikur fangavörð, en Viðar Eggertsson rödd fangelsisstjóra.

Míðasala er opin kl. 16:00–18:00.


Félag eldri borgara

Opið hús í Godheimum, Sigtúni 3, í dag, fimmtudag. Kl. 14:00 – frás spíla-mennska. Kl. 19:30 er félagsvist og kl. 21:00 dans.

Athugið: Góugleði verður haldin í Tónabæ 11. mars nk. Upplýsingar á skrifstofu Félags eldri borgara í síma 28812.

Ítalsk-íslenska félagið

Ítalsk-íslenska félagið mun halda aðalfund sinn sunnudaginn 26. febrúar kl. 16:30 í DJÚPINU í kjallara veitingahússins Hornsins við Hafnarstræti í Reykjavík. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórn ÍT-ALÍU skipa nú: Friðrik Ásmundsson Brekkan, formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson, Karl Steingrímsson, Soffía Gísladóttir, Björgvin Pálsson, Magnús Skúla-son og Sigurður Demetz Franzon.



Sýning Ásgerðar Búadóttur í Galleri Borg

Um þessar mundir stendur yfir sýning á myndvefnaði Ásgerðar Búadóttur í Galleri Borg, Pósthússtræti 9.

A sýningunni eru ný verk öll ofin á árunum 1986–1989. Stersta verkið er 227x204 sm. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan „Gengið með sjó“. Það er samstæða en þó hvert verk fyrir sig sjálfstætt.

Sýningin er opin virka daga kl. 10:00–18:00 og um helgar kl. 14:00–18:00. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 28. febrúar.

Fræðsluráð Ólympíunefndar Íslands: Fræðsluráðstefna í Háskóla Íslands

Ólympíunefndir margra þjóða starf-rækja fræðsluráð til þess að kynna ýmsa þætti ólympíustarfsins. Ólympíunefnd Íslands stofnaði einnig slíkt fræðsluráð fyrir tæpum tveim árum og hefur það m.a. haldið eina ráðstefnu um ólympísk mál-efni.

Laugardaginn 25. febrúar efnir það til annarrar fræðsluráðstefnu sinnar í Odda, Háskóla Íslands, stofu 101. Hefst hún kl. 10:00 að morgni og áætlað er að henni ljúki um kl. 13:00.

Allir eru velkomnir.

Dagskrá:

1. Setning: Valdimar Órnólfsson, formaður fræðsluráðs.
2. Ávarp: Gísli Halldórsson, form. Ólympíunefndar Íslands.
3. Erindi: Íþróttaiðkanir á Íslandi bundnar lögum á 13. öld, Þorsteinn Einarsson, fyrrv. íþróttafulltrúi.
4. Kvikmynd: Æskan og lyfjaneysla tengd íþróttum.
5. Erindi: Lyfjamisnotkun í íþróttum, Birgir Guðjónsson læknir.
6. Fyrirspurnir og umræður.

Ólympíunefnd Íslands